

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Fræðslusjóð Dalvíkurbyggðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Dalvíkurbyggðar og er stofnaður við niðurlagningu Fóstbræðrasjóðs, skipulagsskrá frá 25. ágúst 1971, Systkinasjóðs, skipulagsskrá frá 20. febrúar 1956 og Minningarsjóðs Guðjóns Baldvinssonar, skipulagsskrá frá 21. mars 1933. Sjóðurinn er í vörslu Dalvíkurbyggðar.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Ráðhúsi Dalvíkurbyggðar, 620 Dalvík og er varnarþing sjóðsins í Dalvíkurbyggð.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins er bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 1.304.465 sem 13. febrúar 2007 eru eignir framangreindra þriggja sjóða skv. 1. gr.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í Sparisjóði Svarfdæla á Dalvík á hæstu mögulegu vöxtum.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki til þeirra íbúa Dalvíkurbyggðar sem ekki eiga rétt til styrkja úr öðrum fræðslusjóðum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru af bæjarstjórn til fjögurra ára í senn. Fyrsta stjórn skal kosin þegar stofnskrá þessi hefur verið samþykkt og situr hún í fjögur ár. Stjórnin úthlutar námsstyrkjum úr sjóðnum skv. umsóknum og geta það árlega verið vextir af höfuðstóli sem þó verður aldrei skertur.

8. gr.

Upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð sjóðnum og eru endurskoðendur sjóðsins hinir sömu og endurskoðendur Dalvíkurbyggðar.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur tekið ákvarðanir um breytingar á skipulagsskrá þessari. Stjórn sjóðsins getur jafnframt tekið ákvörðun um niðurlagningu sjóðsins. Slíkar ákvarðanir þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar. Ef sjóðurinn verður lagður niður skulu eignir hans renna til fræðslumála í Dalvíkurbyggð samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

11. gr.

Sýslumaður staðfestir skipulagsskrá þessa. Ef gera á breytingar á skipulagsskránni eða áformað er að leggja sjóðinn niður, sbr. 9. gr., skal leita til þess samþykkis sýslumanns.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 29. mars 2007.

Ríkarður Másson.

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2007